

Yfirlýsing

Samkvæmt samþykktum þingflokks Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs er stjórn þingflokksins kjörin til eins árs í senn við upphaf haustþings. Á fundi þingflokks Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs hinn 10. apríl sl. var kjörin ný stjórn í þingflokki. Fór kjörið fram í samræmi við samþykkt aðalfundar þingflokksins þann 4. október sl. en þar var eftirfarandi samþykkt gerð:

„Þingflokkurinn samþykkir, vegna sérstakra aðstæðna, að framlengja umboð fráfarandi stjórnar og fresta kosningu nýrrar stjórnar fyrir starfsárið 2010 – 2011 þar til núverandi formaður tekur á ný sæti á Alþingi að loknu fæðingarorlofi. Þangað til gegnir Árni Þór Sigurðsson formennsku í þingflokki, Þuríður Backman varaformennsku, Lilja Rafney Magnúsdóttir gegnir starfi ritara þingflokksins og Atli Gíslason er varamaður.“

Tillagan var einróma samþykkt.

Í ljósi þessa lá fyrir þegar í haust að kosning stjórnar þingflokks færi fram þegar þáverandi formaður snéri úr fæðingarorlofi. Það sem af er þessu þingi, og raunar gott betur, hefur undirritaður verið starfandi formaður þingflokksins og varð það niðurstaða aukins meirihluta þingflokksins að halda þeirri skipan til loka þingsins, en þá yrði kjörin ný stjórn í samræmi við samþykktir þingflokksins.

Aldrei hefur hvarflað að mér að taka að mér starf sem ég nýt ekki stuðnings til eða skilyrða störf fyrir flokkinn eða stuðning minn við ríkisstjórn því að ég hefði með höndum tiltekin embætti. Það kom mér í opna skjöldu að löngu ákveðinni kosningu um það eitt að ákveða skipan stjórnar þingflokksins þá fáu mánuði sem eftir lifa yfirstandandi þings yrði tekið með þeim hætti sem raun ber vitni. Mér þykir miður að það mál hefur að ósekju verið persónugert og tengt bæði kvenfrelsisstefnu flokksins og lögum um fæðingarorlof. Sú umræða er skaðleg okkar flokki og þar með óásættanleg.

Kjör mitt í starf formanns þingflokksins hefur vakið mikla umræðu og reynst umdeilt, enda þótt um 2/3 hlutar þingmanna flokksins hafi greitt mér atkvæði. Í ljósi þessa og annarra aðstæðna, hef ég ákveðið að víkja úr starfi þingflokksformanns og vona að sú ákvörðun verði til þess að setta ólík sjónarmið innan þingflokksins.

Er það einlæg ósk mín að þingflokkurinn geti sameinast um öfluga og samhenta stjórn í þeim vandasömu og krefjandi störfum sem bíða þings og þjóðar á næstunni.

Reykjavík, 13. apríl 2011.

Virðingarfyllt

Árni Þór Sigurðsson